



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Ákvörðun nr. 19/2014 **um nýja þjónustu Mílu á heildsöluskiptum**

I

Inngangur

Í því máli sem hér er til úrlausnar er fjallað um beiðni Mílu ehf. (Míla) um samþykki Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) fyrir breytingum á viðmiðunartilboði félagsins um bitastraumsaðgang að því er varðar nýja þjónustu sem fyrirhugað er að veita á heildsöluskiptum (e. Access Nodes). Fjallað er um hið nýja þjónustuframboð í sérstökum viðauka við umrætt viðmiðunartilboð, þ.e. viðauka 5.

Með ákvörðun PFS nr. 38/2012 var leyst úr ágreiningi Fjarskipta ehf. (Vodafone) og Mílu um aðgang Vodafone að aðgangssleið 1 (A1) í bitastraumi hjá Mílu. Var niðurstaða PFS sú að sérstaka heildsöluskipta þyrfti til að slíkur aðgangur yrði að veruleika, m.a. vegna öryggissjónarmiða. Ennfremur að Vodafone þyrfti að taka þátt í kostnaði vegna slíks fyrirkomulags. Kveðið var á um tiltekin bráðabirgðaverð sem gerð skyldu upp þegar endanleg kostnaðargreind verð PFS lægju fyrir.

Í ákvörðun PFS nr. 17/2014, sem unnin var samhliða því máli sem hér er til umfjöllunar, er fjallað um framangreinda kostnaðargreiningu og þ.a.l. verð þau sem gilda skulu fyrir aðgang að umræddum heildsöluskiptum. Vísast því til þeirrar ákvörðunar varðandi öll atriði er varða verð.

Í því máli sem hér er til umfjöllunar verður hins vegar fjallað um aðra skilmála fyrir veitingu umræddrar þjónustu um heildsöluskipta en verð. Þrjú fyrirtæki skiluðu inn athugasemdir í innanlandssamráði um fyrirhugaðar breytingar Mílu á umræddu viðmiðunartilboði. Athugasemdir Símans snéri alfarið að verðum og verður þeim athugasemdir gerð skil í hinum ákvörðunardrögunum. Símafélagið ehf. var almennt jákvætt í garð umræddra breytinga en taldi eðlilegt að hin nýja þjónusta yrði ekki veitt fyrir en endanleg ákvörðun PFS lægi fyrir með hugsanlegum breytingum á aðgangsskilyrðum. Athugasemdir Vodafone voru síðan almennt neikvæðar í garð hinnar nýju þjónustu og taldi félagið að Mílu væri ekki heimilt að veita aðra þjónustu um umrædda heildsöluskipta en þá er varðar A1 og fjallað var um í framangreindri ákvörðun PFS nr. 38/2012.

Þann 26. júní sl. sendi PFS umrædd ákvörðunardrög til Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) til samráðs skv. 7. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun. Þann 28. júlí sl. barst álit ESA. Umrætt álit ESA má finna í viðauka við ákvörðun þessa.

II

Málavextir

2.1 Ákvörðun PFS nr. 38/2012 um aðgangsléið 1 hjá Símanum (nú Mílu)

Með ákvörðun PFS nr. 38/2012 frá 14. desember það ár leysti PFS úr ágreiningi á milli Vodafone og Símans um afhendingu á bitastraumi samkvæmt A1 sem kveðið var á um í ákvörðun PFS nr. 8/2008 (nú markaður 5). Í umræddri ákvörðun frá 2008 var Síminn útnefndur með umtalsverðan markaðsstyrk á umræddum markaði og viðeigandi kvaðir voru lagðar á félagið. Umrædd aðgangsléið gerir ráð fyrir afhendingu bitastraumsins í DSLAM eða jafngildum búnaði á þeim stað þar sem koparheimtaugar tengjast tengigrind símstöðvar.

Það var niðurstaða PFS að Síminn skyldi verða við beiðni Vodafone um aðgang að A1 í xDSL, þ.m.t. VDSL, með margvarps- og VoIP möguleikum á kostnaðargreindum verðum, án ástæðulauss dráttar. Þetta þýddi að umræddri aðgangsléið skyldi fylgja möguleiki fyrir Vodafone til að setja upp og stýra sýndarrásum með margvarpsmöguleika og gæðastýringu sem dygði til að starfrækja IPTV kerfi Vodafone á xDSL netum Símans. Í tilviki VDSL, þar sem DSLAM búnaður væri staðsettur í götuskápum væri Símanum heimilt, að svo stöddu, að veita umræddan aðgang í búnaði í símstöðvum, enda gæti slíkur búnaður flokkast undir búnað sem væri sambærilegur DSLAM í þessu sambandi. Slík lausn skyldi þó ekki fela í sér aukinn kostnað fyrir Vodafone. Kveðið yrði á um nánari útfærslu umrædds aðgangs í markaðsgreiningu á bitastraumsmarkaði sem væri til vinnslu hjá PFS.

Ágreiningurinn snéri ennfremur að því hvort þörf væri fyrir sérstakan heildsöluskipti¹ við veitingu umrædds aðgangs og skiptingu kostnaðar vegna hans.

Síminn hélt því m.a. fram að slíkur skiptir væri nauðsynlegur við veitingu xDSL þjónustu í A1 til að skapa einsleitt umhverfi og koma í veg fyrir flækjustig vegna mismunandi DSLAM búnaðar í kerfum Símans. Þá væru port í fyrirliggjandi DSLAM búnaði takmörkuð. Einnig takmarkaði slíkur búnaður hættuna á því að heildsölukaupi gæti truflað þjónustu annarra viðskiptavina Símans, auk þess sem mögulegt væri að bjóða fleiri þjónustuveitendum umræddan aðgang, þ.m.t. Símanum sjálfum. Fleiri aðilar en Vodafone hefðu óskað eftir umræddum aðgangi og því óhjákvæmilegt að notast við heildsöluskipti til að tryggja jafnræði.

Vodafone var þessu ósammála og taldi að bein tenging inn á DSLAM væri ekki vandamál þar sem Vodafone ætti nú þegar viðmót til að koma slíkri tengingu á. Vodafone

¹ Ethernet skiptir.

myndi þá leggja ljósleiðara eða ethernet að skápum Símans og tengja við eigið þjónustunet. Heildsöluskiptir væri því óþarfur, sérstaklega á fámennari stöðum. Heildsöluskiptir myndi ekki auka öryggi heldur einungis kostnað.

Í boðunarbréfi PFS kom fram að hér vægjust á nokkur sjónarmið. Í fyrsta lagi sú meginregla fjarskiptaréttar að þjónustubeiðandi ætti ekki að þurfa að greiða fyrir aðra þjónustu en hann óskaði eftir og einungis þann kostnað sem beinlínis tengdist aðgangsbæðni hans. Í öðru lagi sjónarmið Símans um einsleitt umhverfi og öryggi neta. Að lokum sjónarmið um jafnræði vegna mögulegra nýrra viðskiptavina í ljósi takmarkaðra lausra porta. PFS taldi varhugavert að játa Símanum sjálfðæmi um nauðsyn heildsöluskipta á stöðum þar sem laus port væru fyrir hendi án þess að Síminn tæki þátt í tilheyrandi kostnaði. Það var því fyrirhuguð niðurstaða PFS að mæla svo fyrir að Símanum yrði í sjálfsvald sett hvort félagið kysi að bæta við heildsöluskiptum á stöðum þar sem port væru fyrir hendi. Hins vegar bæri Símanum að greiða allan kostnað vegna heildsöluskipta í slíkum tilvikum. Þar sem port væru sannarlega ekki fyrir hendi skyldi Vodafone greiða allan sannarlegan kostnað vegna heildsöluskipta.

Í andmælabréfi Símans kom fram að Síminn bæri ábyrgð á að kerfi félagsins væru örugg og þjónustan virkaði. Hvorki keppinautar Símans né stjórnvöld ættu að hafa nokkuð um það að segja hvernig Síminn útfærði tæknilega uppsetningu eigin búnaðar, sértaflega ef það leiddi til flóknari, kostnaðarsamari og ótryggari þjónustu. Slík atriði þyrftu að vera viðskiptaleg ákvörðun viðkomandi fjarskiptafyrirtækis. Lausn PFS væri ekki ásættanleg m.t.t. flækjustigs og öryggissjónarmiða, auk þess að vera ekki skýr né hagkvæm. Óhjákvæmilegt væri að hafa eina lausn sem gildi fyrir alla staði, ella yrði ágreiningur um alla staði. Til að tryggja rekstraröryggi viðskiptavina í fjarskiptakerfum sínum teldi Síminn sér ekki annað fært en að leggja til að kostnaður vegna heildsöluskipta yrði dreift á milli fyrirtækjanna þannig að Síminn tæki þátt í kostnaði til móts við Vodafone. Hlutdeild Símans dreifðist á allar tengingar í kerfum Símans á A3, þrátt fyrir að búnaðurinn væri óháður þeirri leið. Síminn legði til að Vodafone greiddi 250.000 kr. stofnkostnað fyrir hvern heildsöluskipti sem settur yrði upp á öllum þeim símstöðvum sem félagið óskaði eftir aðgangi að, ásamt 16.255 kr. mánaðargjaldi fyrir 1 Gb/s tengiskil í skipti sem dekka skyldi fjárfestingar- og rekstrarkostnað skiptanna.

Í andmælabréfi sínu gerði Vodafone ekki mikinn ágreining um þá leið sem PFS hafði boðað að farin yrði varðandi notkun heildsöluskipta. PFS veitti Vodafone síðan færi á að tjá sig um hina nýju tillögu Símans að lausn málsins. Í svari sínu sagðist Vodafone vera tilbúið að samþykkja að heildsöluskiptar væru notaðir á höfuðborgarsvæðinu að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Hins vegar væri eðlilegt að utan höfuðborgarsvæðisins yrði beintengt í DSLAM Símans.

Það var niðurstaða PFS í umræddri ákvörðun að heildsöluskiptar skyldu notaðir í öllum tilvikum enda væri sú lausn að ýmsu leyti heppilegri en sú lausn sem PFS hefði kveðið á um í boðunarbréfi sínu. Lausnin væri einfaldari, öruggari, einsleitari og fæli í sér meiri skalanleika, auk þess að vera hagkvæmari að mati PFS fyrir Vodafone og hugsanlega nýja aðila eftir að Síminn hafi fallist á að taka þátt í kostnaðinum.

Þegar Vodafone hefði formlega skuldbundið sig til að panta heildsöluskipta skyldu ekki líða meira en 3 mánuðir þar til þeir væru formlega komnir í notkun og formleg veiting þjónustunnar gæti hafist. Innan þeirra tímamarka þyrfti Síminn að panta umrædda skipta, flytja þá til landsins, setja þá upp og gera þá tilbúna til notkunar. Síminn væri þó hvattur til að hraða þessu ferli eins og unnt væri.

Vodafone skyldi greiða 250.000 kr. stofngjald fyrir hvern heildsöluskipti, vegna kostnaðar við uppsetningu, frágang og skilgreiningar á DSLAM VLAN stillingum á móti viðkomandi heildsöluskipti. Þá skyldi Vodafone greiða mánaðarlegt fjárfestingar- og rekstrarkostnaðargjald að fjárhæð 14.777 kr. fyrir 1 Gb/s og 18.538 kr. fyrir 10 Gb/s. Í umræddu gjaldi hefði verið tekið tillit til fjárfestingar- og rekstrarkostnaðar sem skiptist á tvo aðila og innfæli m.a. kaup á heildsöluskipti, árlegt leyfisgjald, hýsingu búnaðar og eftirlit. Umrædd mánaðargjöld skyldu lækka hlutfallslega við tilkomu nýs aðila í umrædda þjónustu. Ofangreindur kostnaður skyldi vera algjörlega aðskilinn frá mánaðarlegum aðgangsgjöldum fyrir xDSL þjónustu. Umrædd verð væru bráðabirgðaverð sem gilda myndu þar til PFS hefði samþykkt kostnaðargreind verð Símans. Ætti Vodafone viðskipti við Símann þar sem notast væri við umrædd bráðabirgðaverð bæri félögunum að gera hugsanlegan mismun upp þegar endanleg niðurstaða PFS lægi fyrir varðandi verðin. Skyldi slíku uppgjöri lokið innan mánaðar frá því að endanleg niðurstaða PFS varðandi verðin lægi fyrir.

2.2 Sátt Skipta og Samkeppniseftirlitsins

Með ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 6/2013 frá 26. mars 2013 var staðfest sátt Skipta hf., móðurfélags Símans hf. og Mílu ehf., og Samkeppniseftirlitsins (SE). Þar var fjallað um breytingar á skipulagi Skiptasamstæðunnar og aðrar aðgerðir til þess að efla samkeppni á fjarskiptamarkaði. Með sáttinni voru fjölmörg útistandandi mál gagnvart Símanum og/eða Mílu sem SE var með til meðferðar felld brott, auk þess sem Skipti þurfti að greiða umtalsverða fjársekt.

Það fólst m.a. í umræddri sátt að tiltekin þjónusta og netrekstur sem áður hafði verið á hendi Símans skyldi flutt til Mílu, þ.m.t. xDSL þjónustan. Skyldi flutningi þeirrar þjónustu lokið innan 6 mánaða frá undirritun sáttarinnar. Skrifað var undir sáttina þann 8. mars 2013 og skyldi umræddum flutningi á kerfum og þjónustu því lokið eigi síðar en 8. september það ár. Því færðust kvaðir þær sem PFS hafði áður lagt á Símann í tengslum við bitastraumsþjónustu yfir á Mílu frá og með síðargreindum tímamarki.

2.3 Innanlandssamráð um kostnaðargreiningu Mílu

Þann 20. desember 2013 efndi PFS til innanlandssamráðs um drög að ákvörðun varðandi kostnaðargreiningu fyrir bitastraumsaðgang Mílu samkvæmt A1 og A3, þ.m.t. vegna umræddra heildsöluskipta. Þar kom m.a. fram að PFS hefði í hyggju að lækka stofnkostnað vegna heildsöluskiptis úr 250.000 kr. í 220.000 kr., auk þess sem tengiskil umfram hið fyrsta í heildsöluskipti yrðu mun ódýrari en hið fyrsta.

Að lokum kom fram að PFS teldi að við næstu kostnaðargreiningu fyrir aðgangsleiðir 1-3 yrði skoðað hvort líta bæri á kostnað vegna heildsöluskipta sem hluta af heildarkostnaði

aðgangskerfis Mílu og að umræddur kostnaður yrði þar með innifalinn í verði fyrir bitastraumsaðgang óháð því hvort einn eða fleiri aðilar óskuðu eftir aðgangi. Það yrði í höndum Mílu að finna hagkvæma lausn á því að veita fleiri en einum aðila bitastraumsaðgang á fullnægjandi hátt, hvort sem það væri gert með notkun heildsöluskiptis eða á annan hátt. Þá gæti aðgangsléið 2 verið álitlegri kostur víða á landsbyggðinni og gæti leitt til þess að færri heildsöluskipta þyrfti.

Fjallað er nánar um samráð þetta í áðurgreindu máli sem til meðferðar er hjá PFS samhliða því máli sem hér um ræðir.

2.4 Athugasemdir Vodafone vegna kostnaðargreiningar Mílu

Með bréfi, dags. 13. janúar 2014, bárust PFS athugasemdir Vodafone vegna framangreindra draga stofnunarinnar að ákvörðun varðandi kostnaðargreiningu. Fram kom að skýra þyrfti í tengslum við hvaða þjónustuveitingu heimilt væri að nota heildsöluskipta. Ákvörðun PFS nr. 38/2012 fjallaði um ágreining Vodafone og Símans vegna afhendingar á A1 og væri samkomulag milli félaganna um að nýta heildsöluskipti til að afhenda slíka þjónustu. Heildsöluskiptar hefðu orðið hluti af afhendingu á A1 og ekki hugsaðir fyrir aðrar þjónustur. Af þeim sökum væri öll nálgun varðandi hlutfallslega lækkun kostnaðar tengd við nýja aðila sem nýttu sér umrædda þjónustu en ekki heildarnýtingu á heildsöluskiptum. Vodafone hefði eftir vettvangsskoðun í símsstöðum sterkan grun um að félög Skiptasamstæðunnar nýttu heildsöluskiptinn við veitingu annarra þjónustu en A1. Væri þess óskað að PFS kannaði hvort svo væri.

Væri sú staða uppi að félög Skiptasamstæðunnar væru að nýta sér heildsöluskiptinn við veitingu á annarri þjónustu, t.d. beinar fyrirtækjatengingar eða tengingar við farsímasenda, væri tvennt sem þyrfti að skoða að mati Vodafone. Annars vegar að Vodafone hefði ekki verið tilkynnt fyrir hvaða þjónustur væri hægt að nýta heildsöluskiptinn og hins vegar að skipting kostnaðar ætti ekki að skiptast eftir fjölda aðila sem nýttu sér A1 heldur heildarnotkun á skiptinum.

Kæmi það Vodafone verulega á óvart að heildsöluskiptirinn skyldi vera notaður með þessum hætti en ekki einungis fyrir þá aðila sem hefðu í hyggju að nýta sér A1, líkt og ákvörðun PFS nr. 38/2012 virtist gera ráð fyrir, heldur einnig fyrir beintengingar við hvern DSLAM. Vodafone benti á að DSLAM-ar væru raðtengdir ef heildsöluskiptisins nyti ekki við. Vodafone velti því fyrir sér hvort heildsöluskiptir væri nú þegar órjúfanlegur hluti af aðgangslausninni. Væri það niðurstaða PFS þyrfti að horfa á kostnaðargreininguna út frá því sjónarmiði.

2.5 Fyrirspurn PFS til Mílu um notkun á heildsöluskiptum

Með tölvupósti PFS til Mílu, dags. 22. janúar 2014, óskaði stofnunin eftir tilteknum upplýsingum frá Mílu vegna athugasemda Vodafone hér að ofan. Spurt var hvort Míla væri að nota heildsöluskiptana í aðrar þjónustur eða vörur en að veita aðgang samkvæmt A1, t.d. vegna beinnar fyrirtækjateningar hjá Símanum eða vegna A3.

2.6 Svar Mílu og uppfærð kostnaðargreining

Með bréfi Mílu til PFS, dags. 4. febrúar 2014, barst svar félagsins við framangreindri fyrirspurn stofnunarinnar. Fram kom að við flutning á aðgangsnetsþjónustu Símans yfir til Mílu í byrjun september 2013 hefði allur búnaður í tengslum við ISAM, ASAM, PON og heildsöluskipta flust yfir til Mílu. Á þeim tíma hefði skráning á tengingum við búnaðinn, öðrum en koparheimtaugum, ekki verið til staðar hjá Mílu. Við skráningu hjá Mílu á öllum tengingum á þessum búnaði hefði komið í ljós að til staðar væru fyrirtækjatengingar til viðskiptavina Símans, tengingar við farsímasenda Símans og stofntengingar við IP net Símans. Þetta hefði komið í ljós í kringum síðustu áramót. Í kjölfarið hefði fjöldi tenginga verið skoðaður nánar, hvenær tengingar hefðu verið skilgreindar og á hvaða stöðum þær væru. Komið hefði í ljós að slíkar tengingar væru til staðar í [...]² af þeim [...] heildsöluskiptum sem settir hefðu verið upp í tengslum við A1. Þeir starfsmenn Símans sem flust hefðu til Mílu vegna skipulagsbreytinganna hefðu haldið áfram óbreyttu verklagi við tengingar inn á skiptana. Töldu þeir að skilmálar og verð fyrir umrædda vöru yrði tilbúin innan skamms þar sem kostnaðargreining á aðgangi að heildsöluskiptum og þar með viðbótartengingum stæði yfir. Hefðu þeir því ekki vakið sérstaka athygli yfirstjórnar á þessu máli. Málið hefði nú verið tilkynnt til Eftirlitsnefndar um jafnan aðgang sem starfar skv. sáttinni.

Kostnaðargreining Mílu haustið 2013 hefði byggt á þeirri forsendu að um tæmandi lista yfir fjölda tenginga væri að ræða. Nú hefði komið í ljós að fyrirtækjatengingar væru ekki meðtaldar í listanum yfir fjölda tenginga. Kostnaðarlíkanið væri hér með uppfært m.t.t. þessa og mánaðarverð lækkuðu nokkuð.

Að lokum kom fram að Míla hefði verið að velta því fyrir sér hvernig þessari vöru væri best fyrir komið og mætti búast við að verð og innheimta breyttust á næstu mánuðum. Míla legði til að framtíðarskipulag yrði mótað þegar næsta kostnaðargreining færi fram í kjölfar ákvörðunar PFS um markaði 4 og 5. Eins og fram kæmi í drögum PFS að markaðsgreiningu á þeim mörkuðum væri vilji fyrir því að afnot A1 og A3 af skiptunum yrði innifalin í mánaðargjaldi fyrir þær aðgangsléiðir. Heildsöluskiptar væru í raun nýttir fyrir A1 og A3, þ.e. þeir tengdust inn á A1 og væru í raun hluti þeirrar þjónustu. A3 samanstæði af A1 og flutningskerfi.

2.7 Tilkynning Mílu til PFS um nýja þjónustu á heildsöluskiptum

Með bréfi Mílu til PFS, dags. 7. febrúar 2014, barst stofnuninni tilkynning félagsins um fyrirhugaða veitingu nýrrar þjónustu á heildsöluskiptum. Vísað var til þess að nú þegar væru fyrirtækjatengingar og stofntengingar tengdar inn á heildsöluskipta Mílu. Gert hefði verið ráð fyrir þessum tengingum í uppfærðri kostnaðargreiningu og hefði Míla stöðvað afgreiðslu á pöntunum þar til varan hefði verið skilgreind og boðin fram opinberlega.

Fram kom að Míla hefði nú tekið þá ákvörðun að bjóða umrædda vöru almennt á markaði þrátt fyrir að PFS væri ekki enn búin að ákvarða um verð. Að mati Mílu væri ekki ástæða til að bíða eftir endanlegri ákvörðun, enda yrðu verð leiðrétt yrði niðurstaða PFS önnur en

² Fellt brott vegna trúnaðar.

fram kæmi í hinni uppfærðu kostnaðargreiningu. Míla óskaði því eftir heimild PFS til þess að hefja sölu á vörunni með fyrirvara um verð.

Varðandi vörulýsingu fyrir hina nýju vöru kom fram að þegar tvö eða fleiri fyrirtæki veittu þjónustu um A1 í sama DSL búnaði væri settur upp heildsöluskiptir. Skiptinum væri ætlað að koma í veg fyrir truflun á sjónvarpsþjónustu aðila. Kysi fjarskiptafyrirtæki að tengjast með öðrum hætti en um xDSL búnað (t.d. með ljósleiðara) við stofnsamband vegna A1 væri möguleiki á því að kaupa aðgang að tengiskilum á skiptinum. Tilgangur tengingarinnar gæti verið sá að tengja fyrirtæki með ljósleiðara við stofnsambandið eða 3G/4G sendi við stofnsambandið.

Að lokum kom fram að Míla óskaði eftir viðbrögðum PFS varðandi þá fyrirætlun félagsins að setja þessa vöru á markað þá þegar. Míla myndi bíða með frekari afgreiðslu á þessari vöru þar til heimild hefði fengist frá PFS, en óskað væri eftir því að stofnunin hraðaði afgreiðslu sem allra mest þar sem áætlað væri að setja upp heildsöluskipta í tilteknu bæjarfélagi síðar í febrúar 2014. Eins og fram hefði komið í drögum PFS að markaði 5 væri vilji fyrir því hjá stofnuninni að breyta fyrirkomulagi við innheimtu á afnotum á heildsöluskiptum. Míla væri sammála því að nauðsynlegt væri að breyta þessu fyrirkomulagi, sérstaklega í ljósi þess að nýting á heildsöluskiptum væri víðtækari en gert hefði verið ráð fyrir þegar skiptarnir hefðu verið settir upp í upphafi. Aftur á móti legði Míla áherslu á að geta sinnt öllum viðskiptavinum jafnt með þessari vöru á meðan hún væri á markaði.

2.8 Svar PFS til Mílu vegna tilkynningar um nýja þjónustu

Með bréfi PFS til Mílu, dags. 18. febrúar 2014, svaraði stofnunin félaginu varðandi framangreinda tilkynningu um nýja þjónustu á heildsöluskiptum. Fram kom að PFS myndi á næstu dögum efna til aukasamráðs um nánar tilgreinda þætti í kostnaðargreiningu Mílu á A1 og A3, þar sem þær nýju upplýsingar sem að ofan greindi um nýtingu heildsöluskiptanna breyttu að mati PFS í grundvallaratriðum þeim forsendum sem PFS hefði lagt til grundvallar við mat sitt á útreikningum Mílu og þeirri frumniðurstöðu sem birt hefði verið í upphaflega innanlandssamráðinu sem lokið hefði þann 13. janúar sl.

Þá kom fram að PFS liti það alvarlegum augum að ekki hefði verið gerð grein fyrir þessari staðreynd í kostnaðargreiningu Mílu þar sem um grundvallarbreytingu væri að ræða á notkun heildsöluskiptanna sem ekki væri í samræmi við ákvörðun PFS nr. 38/2012. Ennfremur var Míla upplýst um að PFS hefði hafið rannsókn á því í sérstöku máli hvort framangreind háttsemi Mílu (og eftir atvikum Símans) fæli í sér brot á jafnræðiskvöð sem hvíldi á félaginu hvað varðaði þjónustuframboð í heildsölu og brot á gagnsæiskvöð með því að bjóða einum aðila upp á slíka þjónustu án þess að uppfæra viðmiðunartilboð félagsins áður til samræmis við umrædda breytingu³.

³ Umræddu máli um mögulegt brot Mílu á jafnræðis- og gagnsæiskvöð lýkur væntanlega ekki fyrr en undir lok árs 2014.

Að lokum kom fram að PFS hefði ennfremur í hyggju að efna til innanlandssamráðs um umræddar breytingar á viðmiðunartilboði Mílu um bitastraumsaðgang, aðrar en þær er snúa að verðum, á næstu dögum. Áður en PFS efndi til slíks samráðs óskaði PFS eftir því að beiðni þar að lútandi bærisk stofnuninni þar sem fram kæmi vörulýsing og þeir skilmálar sem gilda skyldu um hina nýju þjónustu. Að lokum beindi PFS þeim tilmælum til Mílu að afgreiða ekki frekari beiðnir um aðra þjónustu en A1 á heildsöluskiptum þar til endanleg ákvörðun hefði verið tekin í málinu eða þar til PFS samþykkti sérstaklega að Míla gæti afgreitt slíkar beiðnir án þess að félagið teldist brjóta gegn framangreindum jafnræðis- eða gagnsæiskvöðum. Það gæti t.d. orðið að afloknu umræddu innanlandssamráði ef málefnalegar athugasemdir markaðsaðila mæltu því ekki í mót.

2.9 Innanlandssamráð um fyrirhugaðar breytingar á viðmiðunartilboði Mílu

Þann 21. febrúar 2014 efndi PFS til innanlandssamráðs um breytingar á viðmiðunartilboði Mílu um bitastraumsaðgang vegna viðbótarþjónustu á heildsöluskiptum, aðrar en þær er snúa að verðum. Fram kom að stofnuninni hafi þann 20. febrúar sl. borist beiðni Mílu um samþykki stofnunarinnar fyrir breytingu á umræddu viðmiðunartilboði að því er varðaði A1 og tiltekna viðbótarþjónustu við þá leið. Um væri að ræða viðauka sem yrði viðauki 5 við ofangreint viðmiðunartilboð, að því gefnu að PFS samþykkti áform Mílu.

Í máli Mílu kom fram að umræddum viðauka væri ætlað að breyta viðmiðunartilboði félagsins vegna bitastraumsaðgangs í samræmi við ákvörðun PFS nr. 38/2012. Skyldi hann gilda þar til viðmiðunartilboð um bitastraumsaðgang hefði verið breytt með heildstæðum hætti í kjölfar ákvörðunar PFS á mörkuðum 4 og 5.

Í samráðsskjali PFS kom fram að meginbreytingin væri sú að unnt væri að nota umrædda heildsöluskipta á fjölbreyttari hátt en áður hefði verið gert ráð fyrir, t.d. til beinna fyrirtækjatenginga, stofnlínutenginga eða tenginga við farsímasenda. Þá væri gert ráð fyrir að verð breyttust til samræmis við fyrirhugaða ákvörðun PFS um kostnaðargreiningu fyrir bitastraumsaðgang samkvæmt A1 og A3 sem færi í aukasamráð þennan sama dag.

Þá kom fram að þar sem meginreglan væri sú að Mílu væri óheimilt að veita nýja þjónustu sem PFS hefði ekki samþykkt og ekki hefði verið birt í viðmiðunartilboði Mílu sem PFS hefði samþykkt, hefði PFS beint þeim tilmælum til Mílu að veita ekki hina nýju þjónustu þar til PFS hefði veitt samþykki fyrir því. Það gæti gerst eftir að endanleg ákvörðun PFS lægi fyrir í málinu eða með sérstöku samþykki PFS eftir lok samráðsferlisins. Slíkt samþykki PFS væri háð því að markaðsaðilar lýstu sig ekki andsnúna því í samráðinu.

Nánari grein er gerð fyrir þeim atriðum í umræddum viðauka 5 við viðmiðunartilboð Mílu um bitastraumsaðgang sem ágreiningur er um í viðkomandi undirköflum IV. kafla um niðurstöðu PFS hér síðar. Atriði sem ekki er fjallað þar um, eða í framangreindu máli um verðin, teljast því samþykkt.

2.10 Athugasemdir Símafélagsins

Með bréfi, dags. 25. febrúar 2014, bárust PFS athugasemdir Símafélagsins ehf. í kjölfar framangreinds samráðs. Símafélagið fagnaði því að öll fjarskiptafyrirtæki ættu kost á því að kaupa aðgang að heildsöluskiptum til annarra nota en A1. Útvíkkaði þetta útbreiðslusvæði Símafélagsins verulega, lækkaði fjárfestingarþörf og einfaldaði sókn á markað. Afar mikilvægt væri hins vegar að tryggja að rétt væri að þessu staðið og að jafnræði væri milli aðila. Sakir þess hversu margt væri enn á huldu með hvernig þessi þjónusta yrði veitt teldi Símafélagið eðlilegt að Míla biði með að veita þessa þjónustu þar til PFS hefði endanlega samþykkt hvernig staðið skyldi að málum.

Grein verður gerð fyrir einstökum athugasemdum Símafélagsins í viðeigandi undirköflum í kafla IV um niðurstöður PFS hér að neðan.

2.11 Athugasemdir Vodafone

Með bréfi, dags. 11. mars 2014, bárust PFS athugasemdir Vodafone í kjölfar framangreinds samráðs. Vodafone taldi að fjölmörg ákvæði í umræddum viðauka 5 viðmiðunartilboð Mílu um bitastraumsaðgang væru meira og minna til þess fallin að tryggja Símanum sterkari samkeppnisstöðu. Vodafone hefði frá árinu 2010 barist fyrir því að auka samkeppni á fjarskiptamarkaði og teldi að jafnræði við veitingu xDSL þjónustu yfir aðgangsleið 1-4 væri mikilvægur þáttur í því að tryggja þá samkeppni. Vodafone lagðist alfarið gegn því að PFS veitti Mílu undanþágu til frekari veitingar þjónustu umfram A1 þar til endanleg ákvörðun PFS lægi fyrir.

Grein verður gerð fyrir einstökum athugasemdum Vodafone í viðeigandi undirköflum í kafla IV um niðurstöður PFS hér að neðan.

2.12 Athugasemdir Símans

Með bréfi, dags. 12. mars 2014, bárust PFS athugasemdir Símans í kjölfar framangreinds samráðs. Athugasemdir Símans lutu fyrst og fremst að fyrirhugaðri breytingu PFS á verðlagningu á tengiskilum í heildsöluskiptum. Verður því ekki fjallað nánar um athugasemdir Símans í því máli sem hér er til umfjöllunar og vísast til þess máls sem unnið er samhliða þessu máli og varðar kostnaðargreiningu Mílu og verð fyrir umrædda þjónustu.

2.13 Fyrirspurnarbréf PFS til Mílu

Með bréfi, dags. 17. mars 2014, sendi PFS framangreindar athugasemdir Símafélagsins, Vodafone og Símans til Mílu til umsagnar, ásamt því að leggja tiltekna spurningar fyrir félagið og óska eftir tilteknum gögnum.

Fram kom að áður en lengra yrði haldið með málið gæfist Mílu færi á að tjá sig um athugasemdir framangreindra aðila. Æskilegt væri að Míla fjallaði um allar þær athugasemdir sem þar kæmu fram og tæki sérstaka afstöðu til þess hvort félagið féllist á breytingartillögur félaganna eða ekki. Hafnaði Míla breytingartillögum væri þess óskað að það yrði gert með rökstuddum hætti.

Pá óskaði PFS eftir gögnum frá Mílu sem sýndu fram á að félagið hefði innheimt kostnað af Símanum vegna hinnar nýju notkunar á heildsöluskiptunum frá 8. september 2013. Sérstaklega gögn um innheimtu gjalda fyrir hver tengiskil (port) sem Síminn hefði notað á heildsöluskipti til annarra nota en vegna A1.

Samkvæmt viðmiðunartilboðinu hygðist Míla einnig bjóða aðgang að xDSL búnaði sínum þar sem ekki hefðu verið settir upp heildsöluskiptar. PFS óskaði eftir upplýsingum um það hvort þessi búnaður væri nú þegar nýttur fyrir aðra þjónustu en xDSL. Ef svo væri, þá óskaði PFS einnig eftir upplýsingum um hvernig þeirri notkun væri háttáð og þær greiðslur sem inntar hefðu verið af hendi í því sambandi.

Með því að veita aðgang að lausum portum í xDSL búnaði léki PFS ennfremur forvitni á að vita hvort Míla hefði í hyggju að veita aðgang að xDSL búnaði fyrir A1 fyrir fleiri en einn aðila án þess að nota heildsöluskipti.

Að lokum kom fram að ljóst væri, miðað við framkomnar athugasemdir, að PFS gæti ekki á þessari stundu aflétt fyrir mælum um að Míla veitti ekki frekari þjónustu á heildsöluskiptum en þá er tengdist A1, umfram þá þjónustu sem þegar hefði verið veitt, fyrir en PFS hefði endanlega samþykkt slíkar breytingar á umræddu viðmiðunartilboði.

2.14 Athugasemdir og svör Mílu

Með bréfi, dags. 7. apríl 2014, barst PFS svarbréf Mílu. Nánari grein verður gerð fyrir einstökum athugasemdum og svörum í viðkomandi undirköflum IV. kafla um niðurstöður PFS hér að neðan.

III

Fyrirhugaður viðauki 5 við viðmiðunartilboð Mílu um bitastraumsaðgang

Í inngangskafli umrædds viðauka 5 kemur m.a. fram að A1 skuli vera í boði á IP-DSLAM (ISAM) búnaði Mílu fyrir þá viðsemjendur sem skuldbinda sig til að vera komnir með a.m.k. 750 notendur innan 12 mánaða frá undirskrift. Gildistími samnings um A1 skuli vera til 3ja ára.

Í 2. kafla er fjallað um þjónustu. Þar kemur m.a. fram að tengiskil þjónustunnar séu í heildsöluskipti sem settur er upp í hverri símsstöð og tengist inn á hvern IP-DSLAM Mílu. Viðsemjandi tengist þá viðskiptavinum sínum um heildsöluskipti, IP-DSLAM og heimtaug og getur veitt eigin þjónustu þar yfir. Yfir ADSL2+ og VDSL2 tengingar í A1 má flytja Internet (best effort), sjónvarpsþjónustu (margvarp og VoD) og VoIP.

Kjósi fjarskiptafyrirtæki að nýta stofnsamband sitt vegna A1 við heildsöluskiptinn fyrir aðra þjónustu en þeirrar sem tengist xDSL, er möguleiki að kaupa aðgang að lausum tengiskilum í heildsöluskiptinum til annarra nota.

Þar sem ekki hafa verið settir upp heildsöluskiptar er einungis einn aðili tengdur inn á viðkomandi xDSL búnað. Á xDSL búnaði eru yfirleitt nokkur tengiskil laus. Míla

heimilar að nýta þessi tengiskil, séu þau laus til afnota og gildir verðskrá vegna nýtingar porta í heildsöluskiptum einnig fyrir þessi tengiskil.

Kjósi Míla að nýta aðra tækni en heildsöluskipti til að tryggja gæði tenginga við xDSL búnað, koma sömu reglur til með að gilda um nýtingu þeirra tengiskila.

Míla áskilur sér rétt til þess að halda eftir tengiskilum til að fullnægja framtíðarþörfum xDSL kerfisins.

Á DSL-tengingum Mílu er vöktunarkerfi (DLM) sem fylgist með gæðum tenginga og leitast við að lágmarka villur og halda tengingum stöðugum. Vöktunarkerfið metur hvaða línuprófíll hentar best hverri DSL-tengingu og eykur því gæði tenginga. Því er mikilvægt að endabúnaður notenda uppfylli staðla sem fram koma í tækniskilmálum þeim sem grein er gerð fyrir í viðauka 2.

Í 3. kafla er fjallað um verðskrá fyrir heildsöluskipta, tengiskil, ADSL- og VDSL tengingar, margvarp fyrir aðgangsléið 1 og VoIP fyrir A1.

Varðandi heildsöluskipta kemur fram að stofngjald fyrir aðgang að heildsöluskipti vegna A1 sé 93.000 kr. á einingu. Stofngjald tengiskila vegna annarra nota en A1 skal vera skv. verðskrá fyrir útselda þjónustu Mílu og það sama á við um breytingu á stærð tengiskila. Þar sem tveir heildsöluskiptar eru í símsstöð greiðist tvöfalt stofngjald. Viðsemjandi ber ábyrgð á ljósleiðaralögn á milli heildsöluskiptis og eigin tengiskila og ber allan kostnað af þeirri framkvæmd. Lagnavinna skal vera framkvæmd af starfsmönnum Mílu og öðrum aðila sem er samþykktur af Mílu.

Mánaðarverð fyrir 1 G/s tengiskil (port) í heildsöluskipti skal vera 9.289 kr. og 14.862 kr. fyrir 10 G/s tengiskil. Greitt skal fyrir þann fjölda tengiskila sem viðsemjandi tengist. Míla áskilur sér rétt til að hafna beiðni um 10 G/s tengiskil ef ljóst er að 1 G/s tengiskil anna umferð viðsemjanda.

Stofngjöld fyrir hverja ADSL- eða VDSL tengingu skal vera 3.166 kr. á mánuði og 912 kr. fyrir tengingu við efra tíðnisvið koparheimtaugar. Hraði tenginga byggist á stöðluðum línuprófílum sem Míla leggur viðsemjanda til.

Viðsemjandi getur fengið margvarps möguleika virkjaðan á þær DSL-tengingar sem hann kaupir af Mílu í A1. Viðsemjanda er eingöngu heimilt að selja þjónustuna til endanotenda. Viðsemjandi skal tilgreina frátekna bandvídd fyrir marpvarpsstraum sem tengja á inn á heildsöluskipti á hverri símsstöð. Hámarksbandvídd er 600 Mb/s. Míla áskilur sér rétt til að endurskoða hámarksbandvídd á hverjum tíma. Mánaðarverð fyrir 1 Mb/s margvarp á aðgangsléið 1 er 13,63 kr. Þá er frátekinn bandvídd (Mb/s) fyrir margvarp x fjöldi IP-DSLAM á símsstöð sem tengdir eru heildsöluskipti.

Viðsemjandi getur fengið VoIP möguleika virkjaðan á DSL-tengingar sem hann kaupir af Mílu í A1. Viðsemjandi er eingöngu heimilt að selja þjónustuna til endanotenda.

Mánaðarverð á einungu fyrir VoIP í aðgangsléið 1 er 55,85 kr. Er þá miðað við VoIP virkni fyrir hvern notanda.

Í 4. kafla er kveðið á um uppsagnarákvæði. Almennur uppsagnarfrestur á tengiskilum er einn mánuður eftir að 36 mánaða lágmarksbinditíma er náð.

Í 5. kafla er fjallað um útselda vinnu. Míla innheimtir fyrir verkefni sem falla ekki undir ofangreinda verðskrá fyrir útselda vinnu. Dæmi um það eru stækkanir á tengiskilum, breytingar á skilgreiningum á margvarpsstraumi, ráðgjöf og þjónusta sérfræðinga, móttaka og úrvinnsla bilana á þjónustuborði Símans, innleiðing á þjónustu og prófanir.

Í 6. kafla er kveðið á um pantanir. Viðsemjandi þarf að gera grein fyrir áætlunum sínum og óskum um tengingar á hverjum stað. Gera verður ráð fyrir að uppsetning búnaðar vegna tengiskila (fyrir A1) á hverjum stað taki að lágmarki 3 mánuði, frá því að skilgreind og staðfest pöntun viðsemjanda liggur fyrir. Miðað er við að afgreiðslutími pantana sé þó ekki lengri en 6 mánuðir, sé nauðsynlegur búnaður fáanlegur. Fari afgreiðslutími fram úr viðmiði um 6 mánaða hámarkstíma skal Míla gera viðsemjanda og PFS grein fyrir ástæðum þess.

Í 7. kafla getur að líta tæknilýsingu fyrir A1. Þar kemur m.a. fram að aðgangslag að DSLAM í A1 sé á Ethernet lagi Mílu, þar sem notast er við VLAN trunking fyrir mismunandi þjónustur. Ennfremur er rætt um 1 og 10 Gb/s tengiskil. Þar segir að Míla úthluti ljóspunkti í ljósleiðarahillu, sem tengist yfir í Breiðbandsskáp Mílu. Viðsemjandi sér um að útvega ljósleiðaratengingu inn að þeim tengipunkti og ber kostnað af þeirri framkvæmd. Á þeim símsstöðvum þar sem ekki er um að ræða Breiðbandsskáp Mílu, þá ber viðsemjandi ábyrgð á ljósleiðaralögn á milli heildsöluskiptis og eigin tengiskila og ber allan kostnað af þeirri framkvæmd. Lagnavinna skal vera framkvæmd af starfsmönnum Mílu eða öðrum aðila sem er samþykktur af Mílu. Þá er í þessum kafla fjallað um línuhraða, VLAN, Internet þjónustu, sjónvarpsþjónustu, VoIP þjónustu og endbúnað.

Að lokum er síðan fjallað um línuprófíla í 8. kafla.

IV

Niðurstæða Póst- og fjarskiptastofnunar

4.1 Almenn

Í viðkomandi undirköflum hér að neðan mun PFS fjalla lið fyrir lið um þær athugasemdir sem fram hafa komið hjá Vodafone og Símafélaginu varðandi þær breytingar sem Míla hefur í hyggju að gera á viðmiðunartilboði sínu um bitastraumsaðgang að því er varðar nýja þjónustu sem fyrirhugað er að veita á heildsöluskiptum (e. Access Nodes). Ennfremur er grein gerð fyrir afstöðu Mílu til framangreindra athugasemda umræddra markaðsaðila. Að lokum getur svo að líta niðurstöðu PFS varðandi álitæfni þau sem uppi eru.

Það er ítrekað hér að fjallað hefur verið um þá þætti er varða verð í sérstöku máli sem PFS var með til meðferðar samhliða máli þessu, sbr. ákvörðun PFS nr. 17/2014, frá 23. júlí sl.

4.2 Nýting heildsöluskipta til annarra nota en A1

Athugasemdir Vodafone

Í athugasemdum Vodafone kom fram að ljóst væri að Síminn hefði nýtt þá heildsöluskipta sem keyptir hefðu verið í öðrum tilgangi en að veita einungis A1, eins og ákvörðun PFS nr. 38/2012 hefði lagt upp með. Tillögur Mílu um nýja þjónustu á heildsöluskiptum sem grein væri gerð fyrir í fyrirhuguðum viðauka 5 við viðmiðunartilboð félagsins um bitastraumsaðgang fælu í sér aðlögun að þeirri brotaháttsemi sem Skiptasamstæðan hefði viðhaft síðan heildsöluskiptarnir voru teknir í notkun. Verið væri að opna á frekari notkun heildsöluskiptanna sem Vodafone gæti ekki séð að væri í samræmi við framangreinda ákvörðun. Slík notkun myndi skapa tortryggni og auka flækjustig. Teldi Vodafone að PFS þyrfti áður en tekin yrði sérstök afstaða til umræddrar beiðni Mílu að leggja ítarlegt mat á hvort að notkun á umræddum heildsöluskiptum gæti verið með þessum hætti.

Athugasemdir Símafélagsins

Símafélagið fagnaði því að öll fjarskiptafyrirtæki ættu kost á því að kaupa aðgang að heildsöluskiptum til annarra nota en A1. Útvíkkaði þetta útbreiðslusvæði Símafélagsins verulega, lækkaði fjárfestingarþörf og einfaldaði sókn á markað. Afar mikilvægt væri hins vegar að tryggja að rétt væri að þessu staðið og að jafnræði væri milli aðila.

Sjónarmið Mílu

Vodafone hefði gert athugasemdir við að krafa væri gerð um heildsöluskipti þar sem fleiri en einn byðu A1. Míla benti á að samkvæmt ákvörðun PFS nr. 38/2012 hefði niðurstaðan verið sú að heildsöluskiptir væri nauðsynlegur. Þar sem boðið væri upp á A1 erlendis væri samsvarandi búnaður notaður, t.d. í viðmiðunartilboði Belgacom um VDSL2 þjónustu. Með ofangreindri ákvörðun hefði verið ákvarðað að heildsöluskiptar væru nauðsynlegir til að koma í veg fyrir truflanir á sjónvarpsþjónustu. Ekki þjónaði því neinum tilgangi að halda því máli áfram þar sem ákvörðun PFS lægi fyrir. Míla ynni samkvæmt þeim ramma sem mótaður hefði verið um A1 og samkvæmt fyrirbyggjandi ákvörðunum PFS. Míla ynni hins vegar að því að taka upp nýjan búnað sem vonir stæðu til að gæti tekið við hlutverki heildsöluskipta. Á þessari stundu væri kerfisuppbygging þó ekki komin á það stig að það gæti tekið við og að sjálfsögðu væri fyrirvari um að prófanir leiddu í ljós að kerfið virkaði eins og vonir stæðu til.

Vodafone héldi því ennfremur fram að leiða mætti af umræddri ákvörðun að ekki mætti nýta heildsöluskipta til annars en A1. Míla benti á að hvergi í umræddri ákvörðun væri mælt fyrir um slíkt. Með því að nýta búnaðinn betur lækkaði einingaverð til allra sem nýttu kerfið og það hagræði ætti að skila sér á endanum á neytendamarkaði. Með því að bjóða umframtengingar almennt fram teldi Míla sig vera að gæta jafnræðis, auk þess að bjóða upp á hagkvæmni fyrir Mílu og þá sem nýttu kerfið. Míla fengi ekki séð hvernig það gæti verið andstætt umræddri ákvörðun.

Þá vildi Míla benda á að stofngjöld þau sem Síminn og Vodafone greiddu í dag fyrir uppsetningu heildsöluskipta væru eingöngu vegna kostnaðar við vinnu við uppsetningu búnaðarins og stillingar á honum og þeim ISAM búnaði sem tengdist inn á hann. Aðilar hefðu því ekki greitt fyrir búnaðinn sem slíkan heldur aðeins eðlilegt endurgjald vegna notkunar hans. Búnaðurinn væri í eigu Mílu og hefði Míla fullt forræði á því að nýta umframgetu í búnaðinum til hagsbóta fyrir alla. Benda skyldi á að sambærileg stofngjöld tíðkuðust á markaðnum og þau leiddu ekki með nokkrum hætti til "eignarréttar" greiðenda þeirra.

Niðurstaða PFS

Í ákvörðun PFS nr. 38/2012, er m.a. fjallaði um notkun heildsöluskipta á A1 og það fyrirkomulag að greitt sé sérstaklega fyrir aðgang að þeim er ennþá í fullu gildi. Samhliða máli þessu var tekin ákvörðun um verð fyrir heildsöluskipta og vísast til ákvörðunar PFS nr. 17/2014. Í drögum að ákvörðun um markaðsgreiningu á mörkuðum 4 og 5, sem búast má við verði að endanlegri ákvörðun í ágúst 2014, er hins vegar kveðið á um að kostnaðarfyrirkomulagi vegna heildsöluskipta verði breytt þannig að kostnaður vegna heildsöluskipta falli inn í hefðbundin mánaðarverð fyrir bitastraumsaðgang. Mílu ber því í kjölfar þeirrar ákvörðunar að leggja fyrir PFS nýja kostnaðargreiningu í samræmi við þetta. Búast má við því að nýtt verðfyrirkomulag verði komið í gagnid á fyrri hluta ársins 2015.

Burtséð frá verðfyrirkomulagi varðandi heildsöluskipta hefur Míla fullt forræði á kerfishögun sinni. Míla getur því annaðhvort notast áfram við umrædda heildsöluskiptalausn eða byggt á öðrum búnaði er sinnt geti sömu þörfum og heildsöluskiptar. PFS mun ekki hafa skoðun á þeirri framtíðarþróun kerfa Mílu, að öðru leyti en því að stofnunin getur við yfirferð kostnaðargreininga Mílu hafnað kostnaði sem þykir óhagkvæmur.

Það er óumdeilt í málinu að heildsöluskiptar þeir sem Míla setti upp í kjölfar umræddrar ákvörðunar PFS nr. 38/2012 voru af hálfu Símans, systurfélags Mílu, nýttir til fjölbreyttari nota en upphaflega var ráð fyrir gert. Sérstakt mál er nú til meðferðar hjá PFS um hvort Míla hafi þar með brotið gegn jafnræðis- og/eða gagnsæiskvöð þeim sem á félaginu hvíla skv. ákvörðun PFS nr. 8/2008 (nú markaður 5). Er upp komst um málið í janúar 2014 beindi PFS þeim fyrirmælum til Mílu að afgreiða ekki frekari pantanir um aðra þjónustu en A1 á umræddum heildsöluskiptum þar til PFS tæki ákvörðun um annað.

Úrlausnarefnið hér er hins vegar að svara þeirri spurningu hvort Mílu sé heimilt að veita aðra þjónustu en A1 á umræddum heildsöluskiptum, t.d. beinar fyrirtækjatengingar, tengingar við farsímasenda og stofntengingar við IP net. Vodafone hefur efasemdir um að slíkt sé í samræmi við framangreinda ákvörðun PFS nr. 38/2012 og telur að slíkt myndi fela í sér aðlögun að brotastarfsemi Símans. Míla telur að ekkert í framangreindri ákvörðun banni slíkt og Símafélagið fagnar þessum auknu notkunarmöguleikum.

Það er mat PFS að heimila beri Mílu að veita fjölbreyttari þjónustu á heildsöluskiptum en einungis þá er varðar A1, sé það gert með gagnsæjum hætti og fulls jafnræðis milli fjarskiptafyrirtækja sé gætt. Umrædd ákvörðun PFS nr. 38/2012 bannar ekki slíka aukna

notkun þótt hún fjalli heldur ekki sérstaklega um hana. Með því að nýta umræddan búnað betur lækkar einingaverð til allra sem nýta kerfið og ætti slíkt hagræði á endanum að skila sér á smásölumarkaði. Slíkt nýtist Vodafone eins og öðrum fjarskiptafyrirtækjum. Tekið hefur verið fullt tillit til þessarar auknu þjónustu í uppfærðri kostnaðargreiningu sem var til umfjöllunar í framangreindri ákvörðun PFS nr. 17/2014. Það þýðir m.a. að stofngjöld fyrir heildsöluskipta sem Vodafone þarf að greiða Mílu lækkar úr 250.000 kr. í 93.000 kr. Ber Mílu því að endurgreiða Vodafone þann mismun.

Játa verður Mílu fullt forræði á því að nýta umframgetu í þessum búnaði eins og varðandi aðra kerfisuppbyggingu félagsins. Aðalatriðið er að jafnræðis og gagnsæis sé gætt. Þar sem PFS hyggst tryggja jafnræði og gagnsæi varðandi veitingu þjónustu um heildsöluskiptana hefur stofnunin ekki áhyggjur af því að tortryggni þurfi að ríkja um veitingu þjónustunnar eða að flækjustig verði óeðlilega mikið. Þvert á móti telur PFS mikilvægt að Míla veiti sem fjölbreyttustu þjónustu, sem ætti að lækka fjárfestingarþörf og einfalda markaðssókn aðila sem eru ótengdir Skiptasamstæðunni.

Það er því niðurstaða PFS að Mílu sé heimilt að veita þjónustu á heildsöluskiptum umfram A1 ef fulls jafnræðis sé gætt á milli fjarskiptafyrirtækja varðandi veitingu þjónustunnar að hún sé nægilega gagnsæ. Uppfærsla sú á viðmiðunartilboði Mílu um bitastaumsaðgang sem hér er til umfjöllunar er mikilvæg til að tryggja þetta jafnræði og gagnsæi.

4.3 Heildsöluskiptir þar sem fleiri en eitt fjarskiptafélag er tengt á viðkomandi xDSL búnað

Athugasemdir Vodafone

Í athugasemdum Vodafone kom fram að ekki væri nóg með að Míla reyndi að aðlaga þjónustur sínar að starfsemi Símans hvað þetta varðaði heldur legði Míla fram þá beiðni að einungis þyrfti að notast við heildsöluskipta þar sem fleiri en einn aðili væri tengdur inn á viðkomandi xDSL búnað. Vodafone gæti ekki séð annað en með þessu væri verið að mismuna aðilum á markaði. Frá og með 1. september 2013 hefði Mílu borið að veita öllum aðilum á fjarskiptamarkaði jafnan aðgang að kerfum félagsins skv. sáttinni við Samkeppniseftirlitið. Það væri ljóst miðað við framangreint að Síminn hefði notast við A1 án þess að hafa þurft til þess heildsöluskipti. Míla hefði því veitt Símanum ýmsa þjónustu yfir A1 sem hefði ekki staðið öðrum fjarskiptafyrirtækjum til boða.

Niðurstaða PFS

Það atriði sem Vodafone kvartar hér yfir er í fullu samræmi við framangreinda ákvörðun PFS nr. 38/2012, sem enn er í fullu gildi. Aðeins var reiknað með að heildsöluskipti þyrfti þar sem fleiri en einn aðili þarf tengingu inn á xDSL búnað. Var þetta málamiðlun þar sem plásslaust var í flestum símstöðvum. Því var hannað einfalt fyrirkomulag og kveðið á um deilingu kostnaðar á milli aðila. Fær PFS því ekki séð að jafnræði sé brotið í þessu sambandi. Þá mun verðfyrirkomulaginu verða breytt á næsta ári eins og gert var grein fyrir hér að framan. Þá mun öllu hugsanlegu ójafnræði verða að fullu eytt. Telji Vodafone að framangreind sátt Skipta og Samkeppniseftirlitsins hafi verið brotin ber félaginu að beina kvörtun til Eftirlitsnefndar um jafnan aðgang sem sett var á laggirnar í kjölfar sáttarinnar.

4.4 Ekki heildsöluskiptir þegar eitt fjarskiptafélag er að veita xDSL þjónustu

Athugasemdir Vodafone

Að mati Vodafone væri tillaga Mílu um að ekki þyrfti að setja upp heildsöluskipti þegar einn aðili væri að veita xDSL þjónustu leið Skiptasamstæðunnar til hagræðingar en jafnframt þjónustuskerðingar fyrir önnur fjarskiptafyrirtæki. Þjónustuskerðingin fælist í því að Síminn gæti veitt allar sínar þjónustur nú þegar yfir A1 án þess að þurfa að leggja fram uppbyggingaráform og panta heildsöluskipta með 3ja mánaða fyrirvara. Samstæðan nýtti því áhrif sín og reyndi að þvinga fram undanþáguákvæði í gegnum Mílu er hagnaðist starfsemi Símans. Slíka háttsemi væri ekki hægt að líða þar sem hún væri einungis til þess fallin að skaða samkeppni á markaði enn frekar.

Sjónarmið Mílu

Míla kvaðst ekki skilja orðalag Vodafone þar sem sagt væri að Míla „legði fram þá beiðni“ að einungis þyrfti að notast við heildsöluskipta þar sem fleiri en einn aðili væri tengdur inn á viðkomandi xDSL búnað. Samkvæmt ákvörðun PFS nr. 38/2012 bæri einungis að setja upp heildsöluskipta þar sem fleiri en einn aðili væri tengdur inn á viðkomandi xDSL búnað enda væri ástæða þess að hann væri settur sú að koma í veg fyrir truflanir. Þar sem einungis væri um einn aðila að ræða væri slík truflanahætta ekki fyrir hendi og því engin skynsamleg rök sem mæltu fyrir um uppsetningu óþarfa búnaðar. Líta bæri til þess að allur kostnaður í kerfi Mílu endaði að lokum á neytendum eða leiddi til þess að þjónustuframboð minnkaði, einkum á fámennari stöðum úti á landi. Hér væri því ekki um neina beiðni að ræða heldur væri verið að fara eftir umræddri ákvörðun PFS. Nú þegar væri öllum aðilum hleypt inn með sama hætti og Símanum. Engin mismunun ætti sér stað enda væri það svo að ef aðili númer tvö óskaði eftir A1 þá væru báðir aðilar krafðir um greiðslu stofngjalda vegna heildsöluskipta.

Niðurstaða PFS

PFS vísar hér til þess sem fram hefur komið hér að framan. Fyrirkomulag þetta er í samræmi við framangreinda ákvörðun PFS nr. 38/2012.

4.5 Krafa um að Míla falli frá notkun heildsöluskipta eða setji ella upp heildsöluskipta alls staðar

Athugasemdir Vodafone

Að mati Vodafone væri mjög mikilvægt að fallið yrði frá notkun heildsöluskipta nú þegar og öllum væri hleypt inn á fjarskiptakerfi Mílu með sama hætti og Símanum. Féllist PFS ekki á það legði Vodafone til að Míla setti upp heildsöluskipta á öllum þeim stöðum þar sem Síminn nýtti A1 með tilheyrandi kostnaði fyrir Símann. Slíkt fyrirkomulag tryggði að önnur fjarskiptafyrirtæki gætu á hvaða tímamarki sem er óskað eftir tengingu inn á heildsöluskiptana og 3-6 mánaða bið eftir virkjun væri úr sögunni. Öll fjarskiptafélög kepptu þá á sama markaði.

Sjónarmið Mílu

Hvað varðaði kröfu Vodafone um uppsetta heildsöluskipta alls staðar þá væri rétt að benda á að ljóst væri að Vodafone yrði í öllum tilvikum að setja upp stofnsambönd ef fyrirtækið ætlaði að bjóða fram þjónustu um A1. Hvað varðaði afgreiðslufrest fyrir

stofnsambönd þá gæti hann verið nokkrir mánuðir ef það þyrfti að kaupa búnað fyrir þau. Vodafone virtist óska eftir því að Míla legði út í þann kostnað að setja upp heildsöluskipta og sambönd fyrir þá ef ske kynni að Vodafone vildi tengjast inn á búnaðinn án nokkurra skuldbindinga. Hér virtist Vodafone leggja að jöfnu þjónustu um A3, þar sem verið væri að nýta fyrirbyggjandi búnað netrekanda til þess að veita þjónustu, og um A1, þar sem einungis væri verið að nýta þjónustu netrekanda að litlu leyti. Þetta væri því ekki sanngjörn og eðlileg krafa. Eðlilegra væri að Vodafone setti upp sambönd á alla staði þar sem þeir ætluðu að veita þjónustu og Míla setti um leið upp heildsöluskipta. Það gæti ekki talist sanngjörn krafa viðskiptavinar að Míla legði út í kostnað við uppsetningu búnaðar þar sem engin trygging væri fyrir því að viðskiptavinur nýtti hana. Slíkt skaðaði fjarskiptamarkaðinn í heild og lenti á neytendum á endanum.

Niðurstaða PFS

PFS er sammála Mílu um að krafa Vodafone um að Míla setji nú þegar upp heildsöluskipta á öllum símsstöðvum Mílu feli hvorki í sér sanngjarna eða eðlilega beiðni um aðgang. Aðgangsbéiðni þarf að vera óvíræð og tengjast tilteknum stað.

Varðandi þá kröfu Vodafone að að Míla láti af notkun heildsöluskipta vísar PFS til fyrri afstöðu PFS hér að framan. Verðfyrirkomulag varðandi heildsöluskipta mun breytast á næsta ári og allur slíkur kostnaður mun verða innifalinn í hefðbundnum mánaðarverðum fyrir aðgangsléiðir A1-3. Þá hefur Míla gert því skóna að félagið hyggist jafnvel byggja á annarri lausn en heildsöluskiptum í framtíðinni. Eins og áður segir hefur PFS almennt ekki hendurnar í kerfishögun Mílu. Aðalatriðið sem PFS mun skoða er að jafnræðis sé gætt varðandi aðgang og að hann sé boðinn fram með gagnsæjum hætti og á eðlilegu verði. Þá þyrfti Míla að gæta þess að lágmarka eins og hægt er afhendingartíma aðgangs eftir að fullnægjandi aðgangsbéiðni berst frá tengdum sem ótengdum aðgangsbéiðendum.

4.6 Hefur Síminn greitt fyrir notkun á heildsöluskiptum?

Athugasemdir Vodafone

Vodafone óskaði eftir því að PFS skoðaði hvort og með hvaða hætti Míla hefði innheimt kostnað vegna notkunar á heildsöluskiptunum frá 1. september sl., sérstaklega innheimtu gjalda fyrir hvert port sem Síminn hefði notað á heildsöluskipti til annarra nota en vegna A1. Samkvæmt verðskrá Mílu þyrfti að innheimta sérstaka stofnleið fyrir hvert port eða tengingu og samnýting einnar stofnleiðar fyrir fleiri en eitt aðgangsport væri ekki til í verðskrá. Míla hefði ekki tilkynnt um þróun slíkrar vöru og því þyrfti að skoða innheimtu gjalda m.t.t. þess.

Sjónarmið Mílu

PFS hefði óskað eftir gögnum um innheimtu kostnaðar hjá Símanum vegna hinnar nýju notkunar á heildsöluskiptum. Míla hefði innheimt fyrir heildsöluskipta samkvæmt bráðabirgðaverðskránni, en einungis eitt verð (1 Gb/s tengiskil) fyrir hvern stað. Síminn hefði því fengið jafnháan reikning og Vodafone. Það hefði alltaf verið ætlunin að gera dæmið upp þegar endanleg ákvörðun um verð væri komin frá PFS. Upphaflega hefðu viðbótartengiskil átt að vera mun ódýrari en þau fyrstu og því fyrirsjáanlegt að Míla hefði þurft að endurgreiða Símanum þó nokkra fjárhæð ef rukkað hefði verið að fullu eftir bráðabirgðaverðskránni. Auk þess hefði Míla ekki verið komið með allar upplýsingar um

fjöldu tenginga fyrr en í janúar 2014. Aldrei hefði staðið til að gefa Símanum eitt eða neitt eftir í þessu sambandi. Uppgjör færi fram við alla aðila þegar endanleg ákvörðun PFS um verðin liti dagsins ljós. Hefði Míla vitað það haustið 2013 að svo löng bið yrði eftir endanlegri ákvörðun PFS væri líklegt að Míla hefði hagað innheimtunni á annan hátt.

Varðandi xDSL búnað í símstöðvum þar sem ekki hefði verið settur upp heildsöluskiptir væri um að ræða ISAM búnað þar sem Síminn hefði sett upp tengingar áður en Míla hefði tekið við búnaðinum. Sama ætti við um innheimtu fyrir þann búnað og heildsöluskiptana að gert væri ráð fyrir að það yrði gert upp þegar niðurstaða kostnaðargreiningar lægi fyrir.

Niðurstaða PFS

Ofangreind svör Mílu sýna fram á að félagið hefur ekki mismunað tengdum og ótengdum aðilum varðandi innheimtu fyrir aðgang að tengiskilum sem hér eru til umfjöllunar. Uppgjör mun fara fram í kjölfar ákvörðunar í kostnaðargreiningarmálinu. PFS gerir ekki athugasemdir við þá framkvæmd sem Míla hefur viðhaft í ljósi þess hve málin hafa dregist á langinn.

4.7 Mat á nauðsyn tengiskila

Athugasemdir Símafélagsins

Í athugasemdum Símafélagsins kom fram að í verðskrárkaflanum væri tiltekið að Míla áskildi sér rétt til þess að hafna beiðni um 10 Gb/s tengiskil ef ljóst væri að 1 Gb/s tengiskil önnuðu umferð viðsemjanda. Símafélagið teldi það ekki heppilegt að það væri matsatriði Mílu hverju sinni hvaða stærð tengiskila hentaði hverju sinni. Það hlýti að vera eðlileg krafa að viðkomandi fjarskiptafyrirtæki gæti hagað stærð stofntenginga sinna að vild og greitt þá herra gjald fyrir stærri tengiskil væri þess óskað. Líklega væri ástæða umrædds fyrirvara Mílu sú að um takmarkaðan fjölda 10 Gb/s væri að ræða í hverjum heildsöluskipti um sig. Þá mætti á móti benda á þá staðreynd að í sömu vörulínu frá sama framleiðanda væru til stærri heildsöluskiptar með möguleika á fleiri tengiskilum og munaði þar ekki miklu í stofnkostnaði. Færi svo að umframeftirspurn yrði eftir 10 Gb/s tengiskilum á stærri stöðum væri einfaldlega hægt að skipta um búnað og fjölga tengiskilum í samræmi við eftirspurn. Því væri unnt að fjölga tengiskilum á hverjum stað fyrir sig á einfaldan máta og því ætti umræddum áskilnaður að vera óþarfur fyrir Mílu.

Sjónarmið Mílu

Míla teldi nauðsynlegt að halda inni þessu ákvæði viðmiðunartilboðsins. Oft kæmi slík þörf upp með stuttum fyrirvara, sérstaklega m.t.t. þess að Míla stjórnaði ekki magni umferðar inn á búnaðinn. Það að Míla þyrfti að kaupa nýjan búnað til að stækka tengingu inn á DSL búnaðinn væri mun meiri aðgerð en að stækka samband á heildsöluskipti sem væri til.

Niðurstaða PFS

Umræddan áskilnað er að finna í undirmálgrein 2 í kafla 3 (Verðskrá) í umræddum viðauka 5 við viðmiðunartilboð Mílu um bitastraumsaðgangs.

PFS bendir á að hér er eingöngu til umfjöllunar A1 fyrir xDSL bitastraumsþjónustu og tæknilega útfærslu á þeim aðgangi. Kjósi fjarskiptafyrirtæki að nýta stofnsamband sitt vegna A1 við heildsöluskiptinn fyrir aðra þjónustu en þeirrar sem tengist xDSL, er möguleiki að kaupa aðgang að lausum tengiskilum í heildsöluskiptinum til annarra nota.

Míla skal tryggja viðskiptavinum sínum í A1 þá afkastagetu sem þörf er á hverju sinni svo þeir geti þjónustað xDSL viðskiptavinum sína með fullnægjandi hætti. Mílu er hins vegar ekki heimilt að ráða kerfisuppbyggingu kaupenda sinna og stýra hvers kyns tengiskil þeir fái afgreidd. Ef til þess kemur að 10Gb/s tengiskil eru ekki laus, þá megi Míla ekki hafna slíkri beiðni vegna A1, sé hún eðlileg og málefnaleg þó nauðsynlegt geti verið að fresta afgreiðslu meðan nýr búnaður fæst afgreiddur. Tilkynna skal PFS án tafar komi til slíkra frestana.

4.8 Áskilnaður Mílu um að halda eftir tengiskilum til að fullnægja framtíðarþörfum xDSL kerfisins

Athugasemdir Vodafone

Míla áskildi sér rétt til að halda eftir tengiskilum til að fullnægja framtíðarþörfum xDSL kerfisins. Síminn hefði haldið uppi sömu vörnum í málatilbúnaði sínum í aðdraganda ákvörðunar PFS nr. 38/2012, þ.e. að nauðsynlegt væri að setja upp heildsöluskipti til að tryggja rekstrarsamhæfi xDSL kerfisins. Ekki væri unnt að túlka umræddan áskilnað á annan hátt en að Míla væri að viðhalda þeim rökum og tryggja þannig að engin önnur fjarskiptafélög gætu tengst inn á xDSL kerfi Mílu nema með því að greiða fyrir heildsöluskipti. Málatilbúnaður Mílu fæli í sér að ekki væri hægt að tengja tvö fjarskiptafélög inn á xDSL kerfi Símans án heildsöluskiptis. Þar sem Síminn væri nú þegar að veita þjónustu sína um allt land á A1 án heildsöluskiptis væri alltaf þörf fyrir heildsöluskipti til að tryggja framtíðarþörf xDSL kerfisins, þar sem annað fjarskiptafyrirtæki sem myndi tengjast inn á xDSL kerfi Mílu án heildsöluskiptis væri að stofna framtíð kerfisins í hættu.

Sjónarmið Mílu

Míla áskildi sér rétt til að halda eftir tengiskilum til að fullnægja framtíðarþörfum xDSL kerfisins og gerði Vodafone athugasemdir við það og tengdi við aðdraganda ákvörðunar PFS nr. 38/2012. Míla fengi ekki séð hvernig aðdragandi þeirrar ákvörðunar varðaði þetta. Ástæða Mílu fyrir þessu skilyrði væri einfaldlega sú að þessi þjónusta væri hugsuð til að nýta betur búnaðinn, en stofnfæðing inn á DSLAM yrði alltaf að njóta forgangs þar sem grundvallar ástæða fyrir uppsetningu DSLAM væri vegna xDSL kerfis en ekki annarrar þjónustu. Þessi þjónusta væri hugsuð sem nýting á umframgetu í búnaði en megin ástæðan fyrir uppsetningu búnaðar væri auðvitað alltaf sú að koma í veg fyrir truflanahættu.

Niðurstaða PFS

PFS fellst á það með Mílu að umræddur áskilnaður Mílu um að halda eftir tengiskilum til að fullnægja framtíðarþörfum xDSL kerfisins tengist ekki umræddri ákvörðun PFS nr. 38/2012. Telja verður að slíkur áskilnaður sé eðlilegur í rekstri netrekanda ef fulls jafnræðis er gætt á milli tengdra og ótengdra aðila. Míla getur þurft að forgangsraða við kerfisuppbyggingu sína. Hins vegar verður Míla að gæta sín á því beita ekki ákvæði sem

Þessu fyrir sig þegar eftirspurn er slík að augljóst er að félagið þarf að byggja kerfi sín frekar upp.

4.9 Getur önnur tækni leyst heildsöluskipta af hólmi?

Athugasemdir Vodafone

Í athugasemdum Vodafone kom fram að í 4. mgr. 2. kafla umrædds viðauka 5 kæmi fram að kysi Míla að nýta aðra tækni en heildsöluskipti til að tryggja gæði tenginga við xDSL búnað, kæmu sömu reglur til með að gilda um nýtingu þeirra tengiskila. Vodafone óskaði eftir nánari skýringu á því hvað Míla ætti við með „sömu reglur“, ásamt því að útskýra frekar hvaða tækni félagið hygðist beita.

Sjónarmið Mílu

Vodafone vildi fá skýringar á því hvað átt væri við með sömu reglum um aðra tækni sem Míla kysi að nýta en heildsöluskipta til að tryggja gæði við xDSL búnað. Hér væri átt við að sama verð og sömu skilmálar ættu við.

Niðurstaða PFS

PFS telur áskilnað þennan ekki óeðlilegan og gerir ekki athugasemdir við hann.

4.10 Er hægt að kaupa fleiri en einn VoIP möguleika á A1?

Athugasemdir Vodafone

Ekki kæmi fram í verðskrá Mílu hvort hægt væri að kaupa fleiri en einn VoIP möguleika, virkjaðan á xDSL tengingu á A1. Þessu þyrfti að svara.

Sjónarmið Mílu

Míla kvaðst ætla að bæta úr þessu og taka fram að verð miðuðust við eina VoIP tengingu á einingaverð. Því yrði unnt að kaupa auka VoIP tengingar gegn sama einingaverði.

Niðurstaða PFS

Samkvæmt ofangreindu verður hægt að kaupa fleiri en eina VoIP tengingu gegn sama einingaverði og fyrir fyrstu VoIP tenginguna.

4.11 Notkunarhömlur á margvarpi og VoIP

Athugasemdir Vodafone

Míla hefði í hyggju að heimila einungis sölu á margvarpsþjónustu yfir A1 til endanotenda. Vodafone benti á að nú þegar væri Tali að kaupa IPTV þjónustu af Símanum í heildsölu og keypti Síminn A1 og A3 af Mílu til að veita Tali IPTV þjónustu. Afnema þyrfti þessar notkunarhömlur.

Sjónarmið Mílu

Míla kvaðst taka athugasemdir Vodafone til greina hvað varðaði takmörkun á sölu til endanotenda og felst á að breyta ákvæðinu hvað það varðaði. Sama gilti um ákvæði um takmörkun á VoIP til endanotenda og yrði það skilyrði fellt brott.

Niðurstaða PFS

Samkvæmt ofangreindu verður það skilyrði að viðsemjandi geti einungis selt margvarp og VoIP til endanotanda fellt brott. Því getur viðsemjandi selt umrædda þjónustu til annarra fjarskiptafyrirtækja í heildsölu.

4.12 Geta fjarskiptafélög sem notast við A3 ekki boðið upp á IPTV þjónustu Vodafone?

Athugasemdir Vodafone

Fjarskiptafélög sem keyptu A3 af Mílu og vildu geta veitt viðskiptavinum sínum IPTV þjónustu Vodafone gætu aðeins veitt þjónustuna þar sem Vodafone hefði pantað heildsöluskipti. Hins vegar gætu sömu aðilar veitt viðskiptavinum sínum IPTV þjónustu Símans um land allt. Ljóst væri að jafnræðisreglan væri þarna virt að vettugi.

Sjónarmið Mílu

Hér hlyti að vera um misskilning að ræða hjá Vodafone. Tilvist heildsöluskiptis hefði hér enga þýðingu. Ástæða þess að fjarskiptafélög sem keyptu A3 af Mílu og vildu veita viðskiptavinum sínum IPTV þjónustu Vodafone en gætu það ekki alls staðar væri einfaldlega sú að Vodafone dreifði ekki sjónvarpsþjónustu um land allt. Af þeirri ástæðu væri ekki hægt að kaupa sjónvarp Vodafone yfir A3, en það hefði ekkert með heildsöluskipti að gera. Rétt væri að geta þess að Síminn stæði sjálfur straum af flutningi eigin sjónvarps um land allt. Míla keypti þjónustu af Símanum vegna A3, en inni í því væri ekki leigulínukostnaður sjónvarpsflutnings.

Niðurstaða PFS

Ofangreint svar Mílu sýnir að félagið mismunar ekki tengdum og ótengdum aðilum sem kaupa A3 þjónustu með ómálefnanlegum hætti hvað varðar að veita IPTV þjónustu.

4.13 Tvöfalt stofngjald

Athugasemdir Símafélagsins

Í verðskrárkaflanum væri tiltekið að greiða bæri tvöfalt stofngjald í símsstöð með tveimur heildsöluskiptum. Væntanlega væri þar átt við að greiða bæri stofngjald fyrir aðgang að hvorum skipti um sig en ekki eitt stofngjald fyrir aðgang að báðum. Þetta þyrfti að koma skýrt fram og eins hvernig fyrirkomulagi á greiðslu stofngjalds skyldi háttað þegar um fleiri en tvo aðila væri að ræða. Eðlilegast væri að heildsöluskiptar á hverjum stað væru samtengdir og einungis þyrfti ein tengiskil til þess að tengjast þeim öllum.

Sjónarmið Mílu

Í máli Símafélagsins kæmi fram að í drögum að ákvörðun PFS kæmi hvergi fram að greiða skyldi tvöfalt stofngjald í símsstöð með tveimur heildsöluskiptum, enda væru hvergi fleiri en tveir heildsöluskiptar uppsettir í sömu símsstöð. Míla teldi líklegt að Símafélagið ætti við eftirfarandi setningu:

„Stofngjaldið samanstendur af kostnaði við stillingu og tengingu á fyrsta porti í hverjum heildsöluskipti vegna A1. Stofngjald vegna hvers ports umfram fyrsta er innheimt skv. verðskrá Mílu um útselda vinnu og þjónustu.“

Stofngjaldið miðaðist við þá vinnu sem fælist í því að tengja og stilla A1, en sú vinna væri mun viðameiri en þegar um væri að ræða t.d. fyrirtækjatengingar. Þessi vinna færi t.d. oft fram um nótt. Þegar viðskiptavinir óskuðu eftir viðbótartengiskilum væri vinna við þær tengingar mjög breytileg og hefði því verið ákveðið að hafa það gjald til samræmis við útselda vinnu.

Niðurstaða PFS

Samkvæmt kostnaðargreiningu Mílu vegna heildsöluskiptis, sem PFS samþykkti með breytingum í framangreindri ákvörðun nr. 17/2014, þá skal greiða stofngjald fyrir hvern skipti fyrir sig vegna vinnu við stillingar og tengingar á portum. Því er framkvæmd Mílu í samræmi við þá kostnaðargreiningu.

4.14 Samnýting tengiskila fyrir önnur not

Athugasemdir Símafélagsins

Í verðskrárkaflanum væri tiltekið að stofngjald tengiskila vegna annarra nota en A1 skyldi vera samkvæmt verðskrá Mílu fyrir útselda vinnu og þjónustu. Símafélagið teldi að eðlilegt væri að boðið yrði upp á þann möguleika að samnýta tengiskil fyrir A1 og aðra þjónustu. Stillingar vegna slíks væri afar einfalt að útfæra og krefðist sáralíttar aðlögunar á núverandi högun. Slík samnýting væri til þess fallin að draga verulega úr kostnaði fjarskiptafyrirtækja vegna samtenginga við heildsöluskipta Mílu og til hagsbóta fyrir alla aðila. Vísað væri til þess framarlega í skjalinu en hvergi kveðið skýrt á um að.

Niðurstaða PFS

Almennt á Míla að verða við eðlilegum og málefnalegum beiðnum um þjónustu á þeim mörkuðum þar sem aðgangskvöð hvílir á félaginu, eins og á heildsölumarkaði fyrir bitastraum. Því telur PFS eðlilegt að Símafélagið leiti til Mílu ef fyrirtækið óskar eftir annars konar útfærslu á þjónustu Mílu en í boði er samkvæmt viðmiðunartilboðinu enda er gert ráð fyrir að þjónustuframboð geti þróast í samræmi kröfur markaðarins.

4.15 Stofngjald vegna tengiskila fyrir önnur not

Athugasemdir Símafélagsins

Í verðskrárkaflanum væri ekki tiltekið hvort einnig bæri að greiða stofngjald fyrir aðgang að heildsöluskipti vegna A1 ef ætlunin væri eingöngu að nýta aðganginn til þess að veita aðra þjónustu en ADSL og VDSL, s.s. nettengingar til fyrirtækja eða tengingar farsímasenda. Eðlilegt væri að stofngjald upp á 93.000 kr. væri eingöngu greitt einu sinni fyrir hvern heildsöluskipti og þegar ekki væri ætlunin að nýta A1 á viðkomandi heildsöluskipti þá væri tekið tillit til þess við útreikning á stofngjaldi, því þar lægi væntanlega til grundvallar kostnaður vegna vinnu við tengingar og frágang á A1.

Sjónarmið Mílu

Heildsöluskiptar væru aðeins hugsaðir fyrir aðila sem þegar væru með A1 tengingu inn á hann. Bent væri á MPLS-TP vöruna fyrir aðrar þarfir.

Niðurstaða PFS

PFS bendir á að hér er eingöngu til umfjöllunar A1 fyrir xDSL bitastraumsþjónustu og því er ekki um það að ræða að eingöngu sé hægt að nýta aðganginn til þess að veita aðra þjónustu en xDSL.

4.16 Framkvæmd lagnavinnu

Athugasemdir Símafélagsins

Í verðskrárkaflanum væri tiltekið að lagnavinna skyldi framkvæmd af starfsmönnum Mílu eða öðrum aðila sem samþykktur væri af Mílu. Reynsla Símafélagsins af sambærilegu fyrirkomulagi við lagningu stofntenginga fyrir ljósleiðara frá tengiskápum Mílu í tengirými/skápa viðskiptavina væri að iðulega bæri mikið á milli hvað áætlaðan kostnað varðaði hjá Mílu annars vegar og óháðum verktökum á vegum annarra fjarskiptafyrirtækja hins vegar. Hallaði verulega á Mílu í þeim samanburði. Því væri afar æskilegt að fjarskiptafyrirtækin fengju leyfi til þess að nýta sína eigin verktaka svo fremi að tryggt væri að faglega væri að verki staðið.

Sjónarmið Mílu

Míla legðist ekki gegn því að verktaki á vegum viðskiptavinar sæi um lagnavinnu teldi hann það hagkvæmara. Það væri þó skilyrði að viðkomandi verktaki væri samþykktir af Mílu. Vegna öryggissjónarmiða væri nauðsynlegt að allar slíkar framkvæmdir yrðu unnar með fyrirvara um samþykki Mílu.

Niðurstaða PFS

PFS fellst á það með Símafélaginu að æskilegt sé að fjarskiptafyrirtæki geti leitað til annarra aðila en Mílu til að framkvæma slíka lagnavinnu. Hins vegar verður að telja að eðlilegt sé að Míla geti tryggt að faglega verði að verki staðið og hafi eitthvað um það að segja hvaða aðilar séu færir til að vinna slíka vinnu með faglegum hætti þannig að fjarskiptaöryggi sé ekki teft í hættu. Því er ekki ástæða til að breyta þessu ákvæði þar sem gert er ráð fyrir því að Míla geti samþykkt aðra aðila til verksins. Hins vegar er ljóst að unnt er að vísa ágreiningi um slíkt til PFS og að Míla þarf að rökstyðja synjun með málefnalegum hætti.

4.17 Frágangur á tengingum til annarra nota

Athugasemdir Símafélagsins

Væri aðgangur keyptur að lausum tengiskilum í heildsöluskipti til annarra nota en vegna A1 þyrfti að tilgreina nánar með hvaða hætti frágangur á slíkum tengingum skyldi vera. Væri t.d. ætlunin að tengja inn ljósleiðaratengingar til fyrirtækja í viðskiptum við viðkomandi fjarskiptafyrirtæki þá þyrfti að liggja ljóst fyrir hvernig panta skyldi slíkar ljósleiðaratengingar og hvort fjarskiptafyrirtækið þyrfti að bera kostnað af ljósleiðaratrunk inn í skáp sem hýsti heildsöluskiptinn eða hvort til boða stæði að nýta þá ljósleiðaraþræði sem fyrir væru á vegum Mílu. Væri um slíkt að ræða þá þyrfti að vera skýrt hvað gerðist ef enginn slíkur þráður væri til staðar, þ.e. hvort Mílu bæri þá skylda til að fjölga þráðum og hver bæri kostnað af slíkri fjölgun þráða.

Sjónarmið Mílu

Kostnaður við uppsetningu á auka ljóstrunkum væri ekki inni í núverandi kostnaðargreiningu á heildsöluskiptum. Það þyrfti að skoða kostnaðargreininguna og ef PFS samþykkti að slíkur kostnaður færi inn í hana myndi Míla taka kostnað af trunkum á sig. Annars yrði viðkomandi fjarskiptafyrirtæki að taka hann á sig.

Niðurstaða PFS

Þessi kostnaður er ekki inni í núverandi kostnaðargreiningu á heildsöluskiptum. Míla skal hins vegar verða við eðlilegum og sanngjörnum kröfum um aðgang þar sem greitt skal í samræmi við vinnu og annan útlagðan kostnað. Ef upp kemur ágreiningur varðandi aðgang og/eða kostnað getur Símafélagið leitað til PFS um úrlausn slíks ágreinings. Hafa ber í huga að aðgangur að tengiskilum heildsöluskiptis grundvallast á því að viðkomandi viðskiptavinur sé þegar með aðgang samkvæmt A1, eins og áður hefur komið fram.

4.18 Nánari útfærsla á öðrum notum

Athugasemdir Símafélagsins

Engin skilgreining væri gerð á því hvaða form væri á öðrum tengingum en A1. Nánar tiltekið þá væri ekki tilgreint hvaða þjónusta væri í boði á slíkum tengingum⁴. Æskilegt væri að þetta væri útfært nánar.

Sjónarmið Mílu

Þetta ákvæði væri sett með það í huga að Míla gæti uppfært og breytt kerfishögun án þess að þurfa að breyta viðmiðunartilboðinu. Almennt benti Míla á að PFS hefði í huga að breyta kostnaðargreiningu vegna heildsöluskipta. Þá teldi Míla að MPLS-TP varan sem kynnt hefði verið á heimasíðu Mílu þann 4. apríl 2014 minnkaði þörfina á fyrirtækjatengingum á heildsöluskiptum. Míla teldi því æskilegt að sameina verðskrá fyrir heildsöluskipta við verðskrá MPLS-TP og sameina búnaðinn undir MPLS-TP vörunni.

Niðurstaða PFS

PFS telur æskilegt að viðmiðunartilboð séu sem ítarlegust hvað varðar þær þjónustur sem eru í boði hverju sinni en getur þó aldrei orðið tæmandi. Gert er ráð fyrir því að viðskiptavinir Mílu geti leitað til félagsins um nánari upplýsingar og útfærslu á viðkomandi þjónustum. Jafnframt þarf að vera svigrúm til að þróa útfærslur á þjónustum þó þannig að á sama tíma sé gætt jafnræðis gagnvart viðskiptavinum félagsins. Komi fram eftirspurn eftir öðrum notum, sem sanngjarnt og eðlilegt er að Míla bregðist við, er að sami skapi mikilvægt að breyta og uppfæra viðmiðunartilboðið til samræmis við það.

4.19 Uppsagnarfrestur á A1 tengiskilum

Athugasemdir Vodafone

Gert væri ráð fyrir að uppsagnarfrestur á tengiskilum væri einn mánuður. Þess bæri þó að geta að fjarskiptafyrirtæki sem væru að nota heildsöluskipti væru bundin til að greiða í

⁴ Spurning hvort forgangsmerkingar væru virtar á umferð, eitt eða fleiri VLAN, hvaða tegundir umferðar væru leyfðar o.fl.

a.m.k. 36 mánuði. Síminn, sem veitti þjónustu á sumum stöðum yfir A1 án heildsöluskiptis, gæti þ.a.l. sagt þjónustu sinni upp með eins mánaðar fyrirvara, á meðan önnur fjarskiptafyrirtæki væru bundin í 36 mánuði. Vodafone óskaði eftir svörum PFS við því hvort stofnunin teldi eðlilegt að félag sem tæki þátt í hlutfallslegum stofnkostnaði heildsöluskiptis væri bundið í 36 mánuði við greiðslur vegna heildsöluskiptis ef viðkomandi fjarskiptafyrirtæki teldi hagkvæmara, seinna meir, að færa sig yfir á annað þjónustustig, t.d. A3.

Sjónarmið Mílu

Míla benti á að hér væri verið að reyna að endurheimta útlagðan kostnað. Þetta gjald væri innheimt á alla viðskiptavinum þar sem heildsöluskiptir væri settur upp. Bent skyldi á að mjög litlar bindingar væru í núverandi viðmiðunartilboði og því veruleg hættu á að Míla fengi ekki til baka útlagðan kostnað. Bent skyldi á að í viðmiðunartilboði Belgacom um VDSL þjónustu væri binding VDSL tenginga 1 ár. Þá bæri Vodafone innan við 10% af stofnkostnaði við heildsöluskipta miðað við þetta viðmiðunartilboð, sem gæti vart talist verulegt.

Niðurstaða PFS

Í umræddum viðauka 5 við viðmiðunartilboð Mílu um bitastraumsaðgang getur að líta eftirfarandi ákvæði um uppsagnarfrest og gildistíma samnings.

Í 4. mgr. 1. kafla (Inngangur) segir:

„Gildistími samnings um aðgangsleið 1 er til þriggja ára“.

Í 2. kafla (Verðskrá) segir:

„Viðsemjandi skal greiða mánaðargjald fyrir heildsöluskipti að lágmarki í 36 mánuði.“

Í 4. kafla (Uppsagnarákvæði) segir:

„Almennur uppsagnarfrestur á tengiskilum er einn mánuður sbr. þó ákvæðið um lágmarkstíma hér að neðan.“

Ef viðsemjandinn ákveður að hætta að nýta tiltekinn heildsöluskipti þá skal viðsemjandi greiða Mílu eftirstöðvar mánaðargjalda fyrir þann heildsöluskipti, miðað við að greitt sé að lágmarki fyrir ein tengiskil í 36 mánuði.“

Í kafla 1.5 í gildandi viðmiðunartilboði um bitastraumsaðgang er kveðið á um uppsögn samnings. Þar kemur fram að hvor aðili um sig geti sagt samningnum upp með 3 mánaða fyrirvara miðað við mánaðamót.

PFS fellst ekki á það með Mílu að ástæða sé til að hafa sérstakt uppsagnarákvæði hvað heildsöluskiptana varðar. Því gildir hið almenna 3 mánaða uppsagnarákvæði í kafla 1.5 í viðmiðunartilboðinu einnig um heildsöluskiptana.

PFS fær ekki séð að ástæða sé til að meðhöndla heildsöluskipta með öðrum hætti en aðra þjónustupætti við veitingu á A1. Annað gæti skapað hvata hjá Mílu til haga kerfisuppbyggingu með óhagkvæmum hætti. Míla hefur lýst því yfir að félagið hafi jafnvel í hyggju horfa frá heildsöluskiptafyrirkomulaginu á næstu misserum. Eðlilegt er að öll kerfisuppbygging Mílu taki mið af ríkjandi eftirspurn og að verð fyrir bitastraumsaðgang verði innheimt sem mest með mánaðarlegum aðgangsgjöldum. Einnig skiptir máli í þessu sambandi að nú fær Míla heimild til að nýta umrædda heildsöluskipta til fjölbreyttari þarfa en gert var ráð fyrir í upphafi. Því fær PFS ekki séð að nein rök hnígi til þess að umræddir heildsöluskiptar muni njóta neinnar sérmeðferðar varðandi binditíma samninga.

Að ofangreindu virtu ber Mílu að fjarlægja ofangreind ákvæði í 4. mgr. 1. kafla um 3 ára gildistíma samnings um A1 og í 2. kafla er a.m.k. 36 mánaða greiðslu mánaðargjalds fyrir heildsöluskipti. Ákvæði 4. kafla viðauka 5 um uppsögn samnings skal hljóða þannig að um uppsögn gildir almennt ákvæði kafla 1.5 í viðmiðunartilboðinu.

4.20 Samandregin niðurstaða PFS

Það er mat PFS að heimila beri Mílu að veita fjölbreyttari þjónustu á heildsöluskiptum en einungis þá er varðar A1, sé það gert með gagnsæjum hætti og fulls jafnræðis milli fjarskiptafyrirtækja sé gætt. Ákvörðun PFS nr. 38/2012 bannar ekki slíka aukna notkun þótt hún fjalli heldur ekki sérstaklega um hana. Með því að nýta umræddan búnað betur lækkar einingaverð til allra sem nýta kerfið og ætti slíkt hagræði á endanum að skila sér á smásölumarkaði. Tekið hefur verið fullt tillit til þessarar auknu þjónustu í uppfærðri kostnaðargreiningu sem fjallað var um í ákvörðun PFS nr. 17/2014 sem var til meðferðar hjá PFS samhliða því máli sem hér er til umfjöllunar.

Játa verður Mílu fullt forræði á því að nýta umframgetu í þessum búnaði eins og almennt gildir um aðra kerfisuppbyggingu félagsins. Aðalatriðið er að jafnræðis og gagnsæis sé gætt. Þar sem PFS hyggst tryggja jafnræði og gagnsæi varðandi veitingu þjónustu um heildsöluskiptana hefur stofnunin ekki áhyggjur af því að tortryggni þurfi að ríkja um veitingu þjónustunnar eða að flækjustig verði óeðlilega mikið. Þvert á móti telur PFS mikilvægt að Míla veiti sem fjölbreyttustu þjónustu, sem ætti að lækka fjárfestingarþörf og einfalda markaðssókn aðila sem eru ótengdir Skiptasamstæðunni.

Það er því niðurstaða PFS að Mílu sé heimilt að veita þjónustu á heildsöluskiptum umfram A1 ef fulls jafnræðis sé gætt á milli fjarskiptafyrirtækja varðandi veitingu þjónustunnar að hún sé nægilega gagnsæ. Þar getur m.a. verið um að ræða beinar fyrirtækjatengingar, tengingar við farsímasenda og stofntengingar við IP net. Uppfærsla sú á viðmiðunartilboði Mílu um bitastraumsaðgang sem hér er til umfjöllunar er mikilvæg til að tryggja þetta jafnræði og gagnsæi.

Míla skal tryggja viðskiptavinum sínum í A1 þá afkastagetu sem þörf er á hverju sinni svo þeir geti þjónustað xDSL viðskiptavinum sínum með fullnægjandi hætti. Mílu er hins vegar ekki heimilt að ráða kerfisuppbyggingu kaupenda sinna⁵ og stýra hvers kyns

⁵ Eðlileg undantekning frá þessu eru úrræði sem Míla mælir fyrir um til fyrirbyggja truflanir í fastanetinu.

tengiskil þeir fá afgreidd. Ef til þess kemur að 10Gb/s tengiskil eru ekki laus, þá má Míla ekki hafna slíkri beiðni vegna A1, sé hún eðlileg og málefnaleg þó nauðsynlegt geti verið að fresta afgreiðslu meðan nýr búnaður fæst afgreiddur. Tilkynna skal PFS án tafar komi til slíkra frestana.

Hægt verður að kaupa fleiri en eina VoIP tengingu gegn sama einingaverði og fyrir fyrstu VoIP tenginguna.

Það skilyrði að viðsemjandi Mílu geti einungis selt margvarp og VoIP til endanotanda skal fellt brott. Því getur viðsemjandi selt umrædda þjónustu til annarra fjarskiptafyrirtækja í heildsölu.

Æskilegt er að aðgangsbeiðendur geti leitað til annarra aðila en Mílu til að framkvæma lagnavinnu í tengslum við tengingu við heildsöluskipta. Hins vegar verður að telja að eðlilegt sé að Míla geti tryggt að faglega verði að verki staðið og hafi eitthvað um það að segja hvaða aðilar séu færir til að vinna slíka vinnu með faglegum hætti þannig að fjarskiptaöryggi sé ekki teft í hættu. Er slíkur áskilnaður í samræmi við 67. gr. fjarskiptalaga. Gert er ráð fyrir því að Míla geti samþykkt aðra aðila til verksins. Unnt er að vísa ágreiningi um slíkt til PFS og þarf Míla að rökstyðja synjun með málefnalegum hætti.

PFS fellst ekki á það með Mílu að ástæða sé til að hafa sérstakt uppsagnarákvæði hvað heildsöluskipta varðar. Því skal hið almenna 3 mánaða uppsagnarákvæði í kafla 1.5 í viðmiðunartilboðinu einnig gilda um heildsöluskiptana. PFS fær ekki séð að ástæða sé til að meðhöndla heildsöluskipta með öðrum hætti en aðra þjónustubætti við veitingu á A1. Annað gæti skapað hvata hjá Mílu til haga kerfisuppbyggingu með óhagkvæmum hætti, jafnvel að mismunandi binditími gæti farið að hafa áhrif á það hvaða tæknilega launs yrði valin við frekari þróun og uppbyggingu netsins. Míla hefur lýst því yfir að félagið hafi jafnvel í hyggju horfa frá heildsöluskiptafyrirkomulaginu á næstu misserum. Eðlilegt er að öll kerfisuppbygging Mílu taki mið af ríkjandi eftirspurn og að verð fyrir bitastraumsaðgang verði innheimt sem mest með mánaðarlegum aðgangsgjöldum. Einnig skiptir máli í þessu sambandi að nú fær Míla heimild til að nýta umrædda heildsöluskipta til fjölbreyttari þarfa en gert var ráð fyrir í upphafi. Því fær PFS ekki séð að nein rök hnígi til þess að umræddir heildsöluskiptar muni njóta neinnar sérmeðferðar varðandi binditíma samninga. Að ofangreindu virtu ber Mílu að fjarlægja ofangreind ákvæði í 4. mgr. 1. kafla um 3 ára gildistíma samnings um A1 og í 2. kafla er a.m.k. 36 mánaða greiðslu mánaðargjalds fyrir heildsöluskipti. Ákvæði 4. kafla viðauka 5 um uppsögn samnings skal hljóða þannig að um uppsögn gildir almennt ákvæði kafla 1.5 í viðmiðunartilboðinu.

Í ákvörðun nr. 8/2008 um útnefningu fyrirtækis með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á heildsölumarkaði fyrir breiðbandsaðgang, voru m.a. lagðar kvaðir á Símann um aðgang, jafnræði og gagnsæi varðandi bitastraumsaðgang í heildsölu. Kvaðir þessar hafa nú færst yfir til Mílu eftir framangreinda sátt Skipta og Samkeppniseftirlitsins. PFS hefur útbúið drög að nýrri markaðsgreiningu fyrir markað 4 og 5, drögin hafa farið í gegnum tvö innanlandssamráð og vænta má ákvörðunar í því

sambandi í ágúst nk. Greining PFS á markaði 5 leiddi í ljós að nauðsynlegt er að viðhalda umræddum kvöðum varðandi þá bitastraumsþjónustu sem Míla veitir, þar með talið fyrir þá þjónustu sem er til skoðunar í máli þessu. Varðandi nánari rökstuðnings vísast til umræddrar markaðsgreiningar.

Ákvörðunarorð

Mílu er heimilt að veita fjölbreyttari þjónustu á heildsöluskiptum en einungis þá er varðar aðgangsléið 1 fyrir bitastraumsaðgang og fjallað var um í ákvörðun PFS nr. 38/2012, sé það gert með gagnsæjum hætti og fulls jafnræðis milli fjarskiptafyrirtækja sé gætt. Þar getur m.a. verið um að ræða beinar fyrirtækjatengingar, tengingar við farsímasenda og stofntengingar við IP net.

Míla skal tryggja viðskiptavinum sínum í aðgangsléið 1 þá afkastagetu sem þörf er á hverju sinni svo þeir geti þjónustað xDSL viðskiptavinum sína með fullnægjandi hætti. Mílu er hins vegar ekki heimilt að ráða kerfisuppbyggingu kaupenda sinna og stýra hvers kyns tengiskil þeir fái afgreidd. Ef til þess kemur að 10Gb/s tengiskil eru ekki laus, þá má Míla ekki hafna slíkri beiðni vegna A1, sé hún eðlileg og málefnaleg þó nauðsynlegt geti verið að fresta afgreiðslu meðan nýr búnaður fæst afgreiddur. Tilkynna skal PFS án tafar komi til slíkra frestana.

Aðgangsbæðendum stendur til boða að kaupa eina eða fleiri VoIP tengingar. Sama einingaverð skal gilda fyrir sérhverja tengingu.

Það skilyrði að viðsemjandi Mílu geti einungis selt margvarp og VoIP til endanotanda skal fellt brott.

Híð almenna 3 mánaða uppsagnarákvæði í kafla 1.5 í viðmiðunartilboðinu skal einnig gilda um heildsöluskipta.

Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi var kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar. Um kostnað vegna málskots fer samkvæmt 5. mgr. 13. gr. sömu laga, auk þess sem greiða ber sérstakt málskotsgjald að upphæð kr. 150.000, skv. 6. gr. reglugerðar nr. 36/2009 um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála.

Reykjavík, 29. júlí 2014

Björn Geirsson, f.h. forstjóra

Óskar H. Ragnarsson

Viðauki – Álit Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA)